

Hrollaugstaðir - Suðursveit

Deiliskipulag, lýsing
Aðalskipulag, lýsing

Lögð fram sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Febrúar 2021



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Staðsetning og afmörkun svæðis	2
Gerð byggðar á skipulagssvæðinu	3
Gildandi deiliskipulag.....	3
Markmið deiliskipulagsins	3
Aðalskipulag	3
Tengsl við aðrar áætlanir.....	4
Umhverfismat.....	4
Veðurfar	4
Fornminjar	4
Skipulagsferli - samráð og kynningar.....	4
Heimildir	5

Inngangur

Deiliskipulagslýsing þessi er unnin skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er á svæði Hrollaugstaða í Suðursveit.

Tilgangur þessarar lýsingar, er að vera leiðbeinandi við gerð nýs deiliskipulags þessara 2,9 ha svæðis.

Lýsingin nær einnig yfir breytingu á aðalskipulagi, fjölgun íbúða. Breyting á aðalskipulagi verður kynnt samhliða deiliskipulagstillögunni.

Staðsetning og afmörkun svæðis

Skipulagssvæðið er 2,9 ha og er eignarland sveitafélagsins. Svæðið er að mestu graslendi en lágir klettur eru í suðvestur horni landsins.



Mynd 1. Deiliskipulagssvæði-loftmynd. Skipulagssvæði markað með gulri línu.

Gerð byggðar á skipulagssvæðinu

Á svæðinu er félagsheimilið Hrollaugsstaðir og fótboltavöllur. Hrollaugsstaður er félagsheimili Suðursveitunga og er fyrirhugað að nýta áfram sem félagsheimili. Í hluta hússins var einnig barnaskóli og heimavist en skólinn hefur verið lagður niður og unnið er að því að breyta húsnæði skólans í íbúðir. Vegur sem liggur að Hrollaugsstöðum um miðbik skipulagssvæðisins verður lagður niður. Aðkoma af svæðinu verður frá veginum vestan við svæðið.

Gildandi deiliskipulag

Formlegt deiliskipulag heildarsvæðis er ekki til staðar.

Markmið deiliskipulagsins

Helstu markmið deiliskipulagsins eru:


- Að móta hverfi sem hentar ólíkum fjölskyldugerðum
- Að skapa notalegt umhverfi þar sem kostir þess að búa í sveit fá að njóta sín.
- Áhersla er á notalega og mannvæna byggð sem fellur vel að núverandi byggð.
- Skapa umgjörð og aðkomu að félagsheimilinu Hrollaugsstöðum.
- Skapa ramma utan um opin svæði við Hrollaugsstaði
- Tryggja umferðaöryggi

Atvinnuhættir í sveitum hafa breyst mikið undanfarin ár og uppbygging ferðaþjónustu verið mikil á svæðinu. Því er mikilvægt að sveitafélagið geti boðið uppá íbúðalóðir nærri atvinnutækifærum og möguleikum á þjónustu sveitafélagsins við íbúa, s.s. rekstur leikskóla.

Aðalskipulag

Í aðalskipulagi sveitafélagsins Hornafjarðar 2012-2030 er svæðið skilgreint sem VP 22

Miðþorpið/Hrollaugstaðir. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulag, allt að 60 gistirými og tjaldsvæði. Kálfafellstaður er kirkjujörð, þar er sóknakirkja og kirkjugarður. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Íbúðarbyggð u.þ.b. 1 ha, lágreist, smágerð byggð, 1-2 hæðir, u.þ.b. 5 íbúðir. Samhliða deiliskipulagsgerð verður breyting á Aðalskipulagi unnin. Fjölga þarf íbúðum á svæðinu úr núverandi fjölda allt að 25 íbúðir.



Mynd 5. Hluti aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

Tengsl við aðrar áætlanir

Deiliskipulagið verður í samræmi við eftirfarandi áætlanir:

- Aðalskipulagi sveitafélagsins Hornafjarðar 2012-2030
- Umhverfisstefna

Umhverfismat

Deiliskipulag hverfisins kallar ekki á sérstakt umhverfismat samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Veðurfar

Veðursfarlega hefur Suðausturland talsverða sérstöðu m.v. aðra landshluta. Þar er tiltölulega hlýtt, hitasveiflur fremur litlar og mikil úrkoma að meðaltali. Þrátt fyrir það er Hornafjörður eitt af snjóléttustu svæðum landsins.

Fornminjar

Fornleifaskráning verður unnin fyrir svæðið.

Skipulagsferli - samráð og kynningar

Tillaga að deiliskipulagi verður unnin í samráði og samvinnu við bæjaryfirvöld, lögbundna umsagnaraðila og aðra hagsmunaaðila og innan þess ramma sem við á.

Þeir eru helstir:

- Haust
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun
- Rarik
- Vegagerðin
- Veðurstofan

Lausleg tímaáætlun skipulagsferlisins

	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní
Lýsing á skipulagsáætlun og umsagnarferli						
Tillaga að deiliskipulagi						
Kynning á deiliskipulagstillögu íbúafundur						
Tillaga fullunnin og afgreiðsla skipulagstillögu til auglýsingar						
Auglýsing og gildistaka						

Heimildir

Aðalskipulagi sveitafélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Skráning fornleifa

Umhverfisstefna